

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 20. mars 2012 á Hótel Natura

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2011 var haldinn á Hótel Natura, Þingsal 3, þriðjudaginn 20. mars 2012 kl. 17:15. Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Hinrik tók við stjórn fundarins. Hann lagði til að Inga Kristín Kjartansdóttir tæki að sér fundarritun. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi neðangreind gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2011.
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act. fyrir báðar deildir sjóðsins miðað við árslok 2011 er aðgengileg á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 6) Kosning stjórnarmanna skv. 2.gr. (3 stjórnarmenn kosnir af sjóðsfélögum).
- 7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 8) Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- 9) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason formaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári. Stjórn sjóðsins er skipuð 6 mönnum. Þrír stjórnarmenn eru kjörnir af sjóðsfélögum til 2 ára í senn, þeir eru

nú Friðbert Traustason (formaður stjórnar), Kjartan Sigurgeirsson og Sigurjón Gunnarsson. Þrír fulltrúar aðildarfyrirtækjanna í stjórn eru Atli Atlason, (varaformaður stjórnar), Helgi H. Steingrímsson og Ingvar Sigfússon.

Fjármálaeftirlitið tilkynnti að skv. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, yrðu 3 stjórnarmenn að víkja úr stjórn vegna vanhæfis, það voru þau Hermann, Helga og Sigurjón, frá og með 1. apríl 2011. Tóku varamenn stjórnar, þau Bryndís Pétursdóttir, sem færði sig í starfi síðar á árinu og varð því líka að víkja úr stjórn, Helgi Steingrímsson og Kjartan Sigurgeirsson, sæti í stjórn í þeirra stað.

Með breytingu á áðurnefndum lögum var starfsmanni gert kleift að sitja í stjórn eigin lífeyrissjóðs að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og tók Sigurjón þá aftur sæti í stjórn.

Stjórnarfundir voru haldnir mánaðarlega á árinu, að undanskildum júlímánuði. Auk þess starfaði stjórnin mikið með framkvæmdarstjóra sjóðsins varðandi fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Starfsmenn sjóðsins eru í dag 4, einn starfsmaður fór á lífeyri í lok árs 2011. Sjóðurinn er til húsa að Skipholti 50b.

Því næst vék Friðbert umfjöllun að skýrslu úttektarnefndar, skipaðri af ríkissáttasemjara, sem fjallaði um starfsemi lífeyrissjóðanna í aðdraganda hruns, fjárfestingarstefnur þeirra, ákvarðanatöku og lagalegt umhverfi.

Nefndin kannaði fjárfestingar sjóðanna, lagði mat á hvert tap hefði orðið, af hvaða gjörningum og hvort reglur sjóðanna eða lög hefðu hugsanlega verið brotin.

Friðbert talaði um að þessar ábendingar hefðu verið góðar og gagnlegar og almennt hefði niðurstaðan verið sú að starfað hafi verið eftir lögum, en ákveðnar fjárfestingar sem og gengisvarnir hafi verið misráðnar. Lífeyrissjóður Bankamanna fellur þó að takmörkuðu leyti undir athugasemdir varðandi gengisvarnir þar sem aðeins 80 milljónir hjá sjóðnum hafi verið tengdar vörnum þegar hrunið varð.

Í skýrslunni er farið yfir tap hvers og eins sjóðs fyrir sig og náði úttektin alls til 30 sjóða. Sá sjóður er var með hvað mest tap var efstur á listanum en Lífeyrissjóður Bankamanna varð í tuttugasta og sjötta sæti á listanum, sem telst gott.

Áður hefur verið gerð grein fyrir því hvaða eignir það voru hjá sjóðnum sem tap varð á, en það var aðallega vegna eignar í innlendum skuldabréfum.

Einstakar fjárfestingar sjóðsins vekja ekki athygli, eins og fram kemur í þriðja bindi, 16. kafla á bls. 7. Það tap sem varð hjá sjóðnum má rekja til hrunsins en þar sem fjárfestingarstefna sjóðsins er varfærin eins og fram kemur í skýrslunni bls.22, þriðja bindi, varð tap ekki meira.

Friðbert nefnir að full ástæða sé fyrir stjórn sjóðsins til þess að endurskoða reglur hans út frá ábendingum frá úttektarnefndinni í skýrslunni og því hvernig bregðast skuli við ef reglur eru brotnar, í samstarfi við alla þá sem að sjóðnum koma. Jafnframt verði það gert til þess að hægt sé að draga lærdóm af því sem gerðist.

Í ábendingum er fjallað um að stjórn sjóðsins eigi ekki að skipta sér af eintökum fjárfestingum, en sá háttur hefur verið á að framkvæmdarstjóri hefur leitað skoðana stjórnar vegna ákveðinna fjárfestinga, þar sem ekki er starfandi sérstakur aðili sem sér um að ákvarða fjárfestingar.

Jafnframt þurfi að bæta regluverkið, m. a. starfsreglur framkvæmdarstjóra, þ. á m. fjárhæðartakmörk fjárfestinga.

Þessi vinna er nú í gangi innan sjóðsins í samstarfi við alla aðila, stjórn, starfsmenn, lögmann, endurskoðunarnefnd og innri og ytri endurskoðenda. Allar breytingar á samþykktum þarf að undanfengnu samþykki sjóðsfélagafundar og aðildarfyrirtækja að leggja fram til samþykktar hjá Fjármálaeftirliti.

Mikil íhaldssemi hefur ríkt í fjárfestingum einkum varðandi Hlutfallsdeildina.

Erfitt reynist að ná góðri ávöxtun þar sem lítið úrval er af slíkum fjárfestingum.

Farið er yfir fjárfestingarkosti, ríkisskuldabréf, innlán en skuldabréf sveitafélaga hafa ekki verið í boði undanfarið. Sjóðsfélagalán er nú með 4% vöxtum en eftirspurn hefur verið lítil undanfarin ár og lokað er fyrir erlendar fjárfestingar að minnsta kosti fram til ársins 2015, miðað við núgildandi gjaldeyrishöft. Útlit er fyrir áframhaldandi góða ávöxtun út úr Framtakssjóði Íslands, en seld bréf í Icelandair skiluðu sjóðnum hagnaði og þar með hækkaði eign.

Eign í Icelandic Seafood var seld með hagnaði en hagnaður hefur ekki verið bókfærður, þar sem hagnaður hefur ekki komið til greiðslu. Þrátt fyrir það færðu margir sjóðir inn þann hagnað og ber að hafa það í huga við samanburð ársreikninga sjóðanna.

Þessu næst vék Friðbert að umfjöllun um deildir sjóðsins og fór fyrst yfir Hlutfallsdeild. Hrein eign í lok árs 2010 var rúmlega 32 milljarðar króna. Innkoma var rúmlega 1,8 milljarðar króna árið 2011, þannig að hrein eign 31. desember 2011 var rúmlega 34 milljarðar króna.

Raunávöxtun ársins var 4,78% en meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 10 ár var 3,98%. Lágmarks raunávöxtun sjóðsins er 3,5% og hann þolir ekki miklar sveiflur og því allar eignir nú bundnar í íslenskum verðtryggðum eignum. Líklegt að erfitt muni reynast að endurfjárfesta með ámóta ávöxtun.

Friðbert bendir á að ávöxtun deildarinnar sé að koma vel út miðað við aðra sjóði þar sem enginn hafi verið með betri raunávöxtun.

Friðbert fór því næst yfir niðurfærslur verðbréfa en heildarniðurfærsla þann 31. desember 2011 er um það bil 25 milljónir kr. vegna skuldabréfs Byr.

Friðbert sagði að greiðandi sjóðsfélögum hefði fækkað á árinu um 36 og eru núna 367 sjóðfélagar í deildinni.

Greiddur lífeyrir er rúmlega 1.700 milljónir króna, en inngreiðslur rúmlega 320 milljónir króna.

Fjöldi sjóðsfélaga með lífeyri jókst um 42 á árinu og eru þeir orðnir 800 talsins.

Helstu óvissuþættir eru eins og fyrri ár, lengri lífaldur, þá sérstaklega hjá karlmönnum, og aukin örorkubyrði. Auk þess lægri lífaldur við lífeyristöku, 65 ára í stað 67 ára, sem og nýting 95-ára reglunar. Áætlun vegna 95-ára reglunnar hefur þó staðist að mestu, flestir sem enn eru að greiða inn í sjóðinn eiga möguleika á að nýta sér þessa reglu. Hvert ár í lengingu lífaldurs, er nú 17-18 ár eftir að taka lífeyris hefst, eykur skuldbindingu sjóðsins um það bil um 5,5%.

Tryggingarfræðileg staða sjóðsins er nú (- 5,70%) þó er ekki talin ástæða til þess að skerða réttindi núna. Samkvæmt lögum ber að skerða réttindi sjóðsfélaga ef að staðan er yfir (- 5%) í samfelld 5 ár. Undantekning vegna þessa var veitt vegna hrunsins og byrjaði þetta því ekki að telja fyrr en 2011. Tryggingarfræðileg staða sjóðsins hefur styrkst milli ára.

Þessi deild hefði ekki starfsleyfi nema vegna þess að hún er starfandi samhliða aldursdeildinni.

Þessu næst vikur Friðbert umfjöllun að Aldursdeild, en allir nýráðnir eiga samkvæmt samningi við aðildarfélögin að greiða til Aldursdeildar.

Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var rúmlega 14 milljarðar króna í lok árs 2010. Innkoma ársins var rúmlega 2,6 milljarðar króna og staða því í árslok 2011 tæplega 17 milljarðar króna.

Raunávöxtun deildarinnar var 3,52% árið 2011, miðað við 3,15% árið á undan en meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 10 ár var 3,86%. Sjóðurinn þarf að lágmarki 3,5% raunávöxtun en þolir vel sveiflur í ávöxtun þar sem ekki verður mikið um útgreiðslur úr deildinni næstu árin.

Eignir í lok árs voru 89,17% í íslenskum krónum en 10,83% í erlendum gjaldmiðlum.

Friðbert nefnir að útkoma deildarinnar sé ágæt miðað við aðra lífeyrissjóði landsmanna.

Friðbert vikur því næst talinu aftur að skráningu á innra virði FSÍ sem komið var að áðan, en lífeyrissjóðir sem hlut eiga að máli óskuðu eftir því við Fjármálaeftirlitið að fá að skrá innra virði FSÍ á uppreiknuðu virði í stað þess að skrá það inn á nafnvirði í ársreikning sjóðanna enda væri sala á Icelandic frágengin. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var sú að ákvörðun á reikningshaldslegu mati væri á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra við gerð og framsetningu ársreiknings en ekki í höndum Fjármálaeftirlitsins. Færðu aðrir lífeyrissjóðir þannig innra virði FSÍ en ekki nafnvirði í ársreikninga ólíkt Lífeyrissjóði bankamanna. Hefði eign í FSÍ verið færð inn á innra virði hefðu tekjur aukist um 189 milljónir, raunávöxtun hækkað í 4,78% og tryggingarfræðileg staða styrkst úr (- 3,98%) í (- 3,40%).

Sjóðsfélögum fjölgaði á árinu um 165 og voru því virkir sjóðsfélagar í lok árs 2000, en 126 fengu greiddan lífeyri á árinu, þar af var helmingurinn greiddur vegna örorku.

Í Aldursdeildinni eru innborganir sjóðsfélaga mun hærri en útgreiddur lífeyrir. Inngreiðslur voru 1,3 milljarðar króna en greiddur lífeyrir 114 milljónir króna.

Friðbert nefndi að niðurstaða tryggingarfræðilegrar athugunar fyrir deildina væri – 3,86% en hún þyrfti eins og fyrr segir að vera (– 5%) í 5 ár eða fara niður fyrir (– 10%) til þess að til lækkunar réttinda sjóðsfélaga komi. Því ekki ástæða til skerðingar nú og staðan hefur styrkst milli ára eins og í Hlutfallsdeildinni.

Eignasafn sjóðsins er ágætt en sífellt þarf að endurfjárfesta og framundan er innlaun ríkisbréfa og innlánssamningur rennur út. Eins og í Hlutfallsdeildinni eykur hvert ár í lengri lífaldri skuldbindingu sjóðsins um 5,5% og 0,25% vaxtalækkun eykur heildarskuldbindingu sjóðsins um 4%.

Að lokum fer Friðbert yfir ávöxtun eigna sjóðsins en um það bil 2 milljarðar eru í fjárvörslu Íslenskra verðbréfa. Öll önnur umsýsla og varsla er í umsjá starfsmanna sjóðsins.

Erlendar eignir eru í vörslu hjá Landsbanka Íslands og Íslenskum verðbréfum.

Fjárfestingarstefna Aldursdeildar mun verða í reglulegri skoðun en stefna Hlutfallsdeildarinnar mun haldast að mestu leyti óbreytt.

Fundarstjóri lagði til að skýrsla stjórnar og ársreikningur yrðu rædd samhliða eftir að ársreikningur hefði verið kynntur og gerði enginn athugasemd við það.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins

Sigtryggur Jónsson framkvæmdarstjóri steig því næst í pontu og gerði grein fyrir helstu atriðum í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2011, í hvorri deild fyrir sig.

Fyrst fór Sigtryggur yfir breytingar á hreinni eign Hlutfallsdeildar. Í Hlutfallsdeild voru greidd iðgjöld tæpar 69 milljónir króna og hækkuðu um 0,83% á milli ára. Greiddur lífeyrir nam rúmlega 1,7 milljörðum króna og hækkaði um 11,83%. Þar af voru 7,58% greidd vegna örorku en það var rúmlega 7% árið á undan.

Fjárfestingartekjur ársins hækkuðu um 43,46% og hækkun fjárfestingargjalda nam 18,79%.

Rekstrarkostnaður hækkar milli ára um 18,79% sem skýrist að verulegu leyti af breytingu á uppgjörsaðferðum þar eð áður var gert upp skv. greiðslugrunni en er nú skv. rekstrargrunni. Mikil

áheyrsla er á að honum sé haldið í lágmarki. Þeir kostnaðarliðir sem hækkuðu mest eru lögfærðikostnaður og kostnaður við endurskoðun.

Hrein raunávöxtun sjóðsins var 4,78% en 4,7% fyrir árið 2010. Þessu næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning deildarinnar. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var rúmir 34,2 milljarðar en rúmir 32,3 milljarðar árið á undan.

Að lokinni umfjöllun sinni um Hlutfallsdeild fór Sigtryggur yfir Aldursdeild og fór hann þar einnig fyrst yfir breytingar á hreinni eign deildarinnar. Í Aldursdeild voru heildar iðgjöld tæplega 1,4 milljarðar króna miðað við rúmlega 1,1 milljarð króna árið á undan eða um 25,79% hækkun milli ára.

Greiddur lífeyrir hækkar um 9,29%, sem er mun minni hækkun en var á milli áranna 2009-2010.

Örorkulífeyrir er 41,44% sem heildarhlutfall af greiddum lífeyri.

Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var tæplega 16,9 milljarðar króna en rúmlega 14,2 milljarðar árið á undan. Raunávöxtun ársins var 3,52% en 3,15% árið á undan.

Sigtryggur nefnir að viðskiptaskuldir séu vegna ógreidds framlags í séreignasjóði, sem er tilkomið vegna breytinga á réttindakerfi, þegar breytt var úr stigakerfi yfir í aldurstengt. Þá var þeim sjóðsfélögum sem fengu lakari réttindi við breytinguna boðið að fá mismuninn greiddan í séreignasjóð. Illa gekk að fá beiðnir frá sjóðsfélögum um það hvert þeir vildu láta greiða og því stendur þessi skuld. Framundan er tilraun til þess að fá þessa sjóðsfélaga til þess að skila yfirlýsingu um flutning réttinda inn.

Að lokum benti Sigtryggur á mjög ítarlegar skýringar endurskoðenda með ársreikningnum sjálfum varðandi báðar deildirnar.

Eftir skýrslu framkvæmdarstjóra gaf fundarstjóri orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga deildanna.

Þá tók til máls Björn Tryggvason og spurði hvort að um villu væri að ræða í reikningi sjóðsins undir rekstrarkostnaði, á bls. 16 þar sem fjallað væri annars vegar um aðrar tekjur og hins vegar önnur gjöld, hvort ekki bæri að taka þessi liði saman og ef ekki hvort að annar liðurinn ætti þá ekki að vera í mínus.

Sigtryggur svaraði því til að þessir liðir ættu ekki að vera teknir saman þar sem annar liðurinn væri til hækkunar en hinn til lækkunar. Ekki væru slíkir liðir merktir í mínus annars staðar í reikningi og því bæri ekki að merkja á slíkan hátt.

Því næst tók til máls Guðríður Kristjánsdóttir og spurði hvort að fjárfestingargjöld á bls. 8 í reikningi væri heildarþóknunartekjur banka eða fyrirtækja fyrir Hlutfallsdeild.

Sigtryggur svaraði því til að um væri að ræða heildarkostnaðar vegna fjárfestinga, bæði vegna kaupa og sölu.

Ekki tóku fleiri til máls og var mælendaskrá þar með lokað. Ársreikningur var lagður fram til kynningar og afgreiðslu og leitað var eftir samþykki fundarins.

Ársreikningurinn var samþykktur fyrir báðar deildir, samhljóða.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins steig því næst í pontu og gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans voru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins www.lifbank.is. Bjarni fór yfir helstu niðurstöður úr tryggingafræðilegri athugun úr Aldursdeild og Hlutfallsdeild en tölurnar var jafnframt að finna í ársreikningi.

Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt var við úttektina. Í tryggingafræðilegri úttekt felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar til greiðslu lífeyris samkvæmt gildandi samþykktum.

Bjarni byrjar á því að fara yfir tryggingafræðilega úttekt á Aldursdeild en þar var notast við sömu reikniforsendur og síðasta ár. Um er að ræða staðlaðar forsendur en lífslíkum er breytt ef ástæða þykir til sem og örorku. Ekki er mikil breyting frá fyrra ári.

Til þess að koma til móts við útgjöld þarf ávöxtun eigna að vera umfram 3,5%. Eignatölur eru sóttar í ársreikning, en endurmat er gert ef að hækkun er umfram 3,5%.

Kostnaður við rekstur hækkar milli ára.

Sjá má halla í áföllnu stöðunni upp á 9,4% en ef sjóðurinn heldur áfram að bæta við sig nýjum sjóðsfélögum þá ætti hallinn að geta lagfærst, fari allt samkvæmt áætlun.

Heildarniðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar Bjarna var sú varðandi Aldursdeild að eignir eru (- 3,9%) umfram skuldbindingar og er sú staða innan vikmarka laga nr. 129/1997, eins og áður var komið inn á. Þrátt fyrir hallann er staðan út af fyrir sig góð í Aldursdeild.

Helsta áhyggjuefnið eru horfur um slæma ávöxtun í framtíðinni sem og lenging lífaldurs en ekki er tekið tillit til þess í ofangreindri úttekt og því dulinn halli hvað það varðar.

Þessu næst fór Bjarni fyrir tryggingafræðilega úttekt varðandi Hlutfallsdeild, allar helstu tölur eru tilteknaðar í ársreikningi og skýrslan sjálf er aðgengileg á skrifstofu sjóðsins og heimasíðu, www.lifbank.is.

Ekki er um miklar breytingar að ræða milli ára, afkoma er býsna góð miðað við flesta aðra sjóði, nú 4,78% ávöxtun.

Halli í áfallinnri stöðu er meiri hér en í Aldursdeild, eða 5,7% en í framtíðinni er fyrirséð að hallinn verði mjög verulegur eða allt að 21%, sem helgast af réttindakerfi deildarinnar. Þar sem jöfn réttindi eru í deildinni og hún hefur verið lokuð fyrir nýjum sjóðsfélögum frá 1997. Meðalaldur er töluvert hár og því er ofangreind framtíðarsýn talin eðlileg.

Þar sem ekki eru að koma inn ný iðgjöld er svokölluð 95 ára regla, áhyggjuefni í deildinni.

Verði launahækkanir miklar í þjóðfélaginu þá munu skuldbindingar hækka meira en þær hafa gert hingað til og það gæti bætt á halla deildarinnar.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingarfræðilega úttekt. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

4) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.

Engar slíkar tillögur höfðu borist.

5) Fjárfestingarstefnur sjóðsins

Þá tók til máls Friðbert Traustason, formaður, og gerði hann grein fyrir fjárfestingarstefnum sjóðanna.

Friðbert fór yfir skiptingu fjárfestinga eftir tegundarflokkum þar sem farið var yfir stöðu fjárfestinga hvorrar deildar sjóðsins m.v. desember 2011. Auk þess fór Friðbert yfir markmið um eignasamsetningu, vökmörk, auk þess sem farið var yfir hámark og lágmark fjárfestinga eftir tegundum.

Friðbert nefndi að komið hefði til tals að lækka réttindi í Hlutfallsdeild til þess að lækka halla skv. tryggingarfræðilegri úttekt. Friðbert fór yfir þær leiðir sem til greina koma til þess að lagfæra slíka halla. Niðurstaðan varð sú að skoða beri frekar alla möguleika áður en gripið er til aðgerða í þeim efnum en ekki þarf að aðhafast neitt fyrr en að fimm árum liðnum.

Friðbert bendir því næst á að fjárfestingarstefna sjóðsins sé aðeins lögð fram til kynningar og skýringa en sé ekki lögð fram til samþykktar.

6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins

Fyrir fundinum lá tillaga um að Hallfríður Gunnlaugsdóttir og Jón Ívarsson, núverandi skoðunarmenn sjóðsins yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki.

7) Kosning stjórnarmanna skv. 2.gr.

Næst fór fram kjör stjórnarmanna samkvæmt samþykktum sjóðsins með þeim hætti að atkvæðaseðlum var dreift, þar sem fundarmönnum bar að skrifa niður nöfn þeirra þriggja sem kjósa átti í stjórn af þeim sem í framboði voru;

Friðbert Traustason
Kjartan Sigurgeirsson,
Sigurjón Gunnarsson,
Þóra Valný Yngvadóttir,

Frambjóðendur stóðu upp og kynntu sig.

Atkvæðum var þessu næst safnað saman og þau lesin upp og talin.

Niðurstaða kosningarinnar var þessi:

Friðbert	79 atkvæði,
Sigurjón	66 atkvæði,
Þóra Valný	57 atkvæði,
Kjartan	41 atkvæði.

Einn atkvæðaseðill var auður.

Fundarstjóri lýsti því Friðbert, Sigurjón og Þóru réttkjörin í stjórn sjóðsins.

8) Kosning varamanna.

Næst fór fram kosning varamanna í stjórn. Fyrir fundinum lá tillaga um að sá sem ekki hefði náð kjöri í stjórn yrði kjörinn 1. varamaður, því var lagt til að Kjartan Sigurgeirsson yrði kjörinn 1. varamaður, 2. varamaður yrði kjörin Helga Jónsdóttir og Dagmar Björnsdóttir yrði kjörinn 3. varamaður. Fleiri tillögur höfðu ekki borist stjórn og voru þau því réttkjörin.

9) Laun stjórnarmanna

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 64.834- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf laun formanns. Laun varamanna kr. 25.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 64.834.- á mánuði. Var tillaga um laun stjórnarmanna samþykkt samhljóða.

10) Laun skoðunarmanna

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu hálf laun stjórnarmanna. Samþykkt samhljóða.

11) Önnur mál

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust undir síðasta dagskrárlið skv. samþykktum.

Guðríður Kristjánsdóttir tók til máls og beindi spurningu sinni til stjórnar og framkvæmdastjóra varðandi skýrslu úttektarnefndar, hvort að samstarf þeirra varðandi ákvarðanir vegna einstakra fjárfestinga hafi hingað til, að þeirra mati, verið til vansa.

Friðbert Traustason og þakkar sýnt traust með kjöri í stjórn. Friðbert svarar því til að hann vilji síður breyta þessu fyrirkomulagi. Það sé þeirra mat að samstarfið hafi gengið afar vel og sé nauðsynlegt þar sem skrifstofa sjóðsins sé ekki fjölmenn og ekki sé sérstök deild innan hennar sem sjái um fjárfestingar fyrir sjóðinn.

Guðríður Kristjánsdóttir tók þá aftur til máls og spurði út í 2. mgr. 31. gr. varðandi verklagsreglur ef um afturvirkar lífeyrissgreiðslur er að ræða.

Sigtryggur svarar því til að miðað sé við að krafa sé gerð innan fjögurra ára, vegna almenns fyrningarfrests. Sé krafa lögð fram innan þess tíma, er hún greidd að fullu miðað við vísitölu neysluverðs en ekki séu reiknaðir vextir.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs, fundarstjóri óskar nýkjörinni stjórn til hamingju og þakkar fráfarandi stjórn fyrir hennar störf.

Fleira var ekki á dagskrá fundarins og fengu fundarstjóri og fundarritari umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins.

Því næst var fundi slitið klukkan 19:10. Fundarmenn voru um það bil 80 talsins.

Reykjavík, 10. apríl 2012

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Hinrik Greipsson (sign)

Inga Kristín Kjartansdóttir (sign)